

Mánudaginn 27. júní 1988.

Nr. 150/1988. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

**Stefáni Porkatli Karlssyni**

(Sigurður Georgsson hrl.)

**Þjófnaður. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun. Ákæra.**

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 13. maí 1988 og jafnframt af hálfu ákærvalds til refsibýgingar og lengingar ökuleyfissviptingar.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms og færslu brota til refsíákvæða. Refsing ákærða þykir með hliðsjón af þeim ákvæðum, sem greind eru í héraðsdómi og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði.

Í ákæruskjali er gerð krafa á hendur ákærða um sviptingu ökuleyfis. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var upplýst, að ákærði hefði ekki tekið ökupróf og hefði því aldrei haft rétt til að stjórna bifreið. Þrátt fyrir orðalag ákæruskjals þykir unnt með vísan til 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 að fjalla um þessa kröfu ákærvaldsins, sbr. einnig Hrd. 1984 bls. 319.

Í 1. mgr. 48. gr. hinna nýju umferðarlaga nr. 50/1987 segir, að enginn megi stjórna bifreið eða bifhjóli nema hann hafi til þess gilt ökuskírteini, sem lögreglustjóri gefi út. Skýra ber 1. mgr. 101. gr. umferðarlaga svo, að hún hafi að geyma almenna reglu um skilyrði fyrir því að svipta mann rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki, þegar þörf er ökuskírteinis. Fyrsti másl. 1. mgr. 102. gr. laganna segir aðeins að svipta skuli þann „ökuréttindum“ er brotið hafi gegn 1. mgr. 45. gr. laganna um ölvunarakstur. Eru ákvæði þessarar greinar sérreglur um ölvunartilvik gagnvart fyrrnefndri 1. mgr. 101. gr. laganna. Í 2. mgr. 81. gr. fyrri umferðarlaga nr. 40/1968 sagði um hliðstætt tilvik að viðkomandi skyldi sviptur ökuleyfi „eða rétti til að öðlast það“. Viðurlög við brotum á umferðarlögum virðast

tæmandi talin í þeim, sbr. einnig Hrd. 1933 bls. 68 - 69 og síðari dómafrankvæmd. Að þessu athuguðu verður ákærði ekki sviptur ökuleyfi samkvæmt framanrituðu og ekki telst vera fyrir hendi fullnægjandi heimild til að svipta ákærða rétti til að fá það.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Stefán Þorkell Karlsson, sæti fangelsi 4 mánuði.

Synjað er kröfu ákærvalds um sviptingu réttar ákærða til að fá ökuleyfi.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 20.000,00 krónur og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. apríl 1988.

Ár 1988, föstudaginn 22. apríl er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 253/1988: Ákærvaldið gegn Stefáni Þorkatli Karlssyni, sem tekið var til dóms 20. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 3. mars sl., á hendur ákærða „Stefáni Þorkatli Karlssyni, Leifsgötu 28, Reykjavík, fæddum í Reykjavík 15. maí 1954, fyrir eftirgreind brot á umferðarlögum og hegningarlögum framin í Reykjavík aðfaranótt miðvikudagsins 3. febrúar 1988:

#### 1.

Fyrir að brjótast inn í bílasöluna Start, Skeifunni 8, og stela þar ritvél, leðurvesti, 2 simtækjum, 2 ferðaútlarpstækjum, 2 ruslafötum, reiknivél og myndavél.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

#### 2.

Fyrir að aka, undir áhrifum áfengis, bifreiðinni R-61934 frá miðborg

Reykjavíkur að Skeifunni 8 og þaðan að versluninni Blómavali við Sigtún, þar sem lögreglumenn höfðu afskipti af honum.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 sbr. lög nr. 54, 1976, sbr. nú 1. mgr. sbr. 2. mgr. 45. gr. sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. laga nr. 40, 1968, sbr. nú 102. gr. laga nr. 50, 1987, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

*Málavextir eru þessir:*

1. Aðfaranótt miðvikudagsins 3. febrúar sl. var brotist inn í bílasöluna Start, Skeifunni 8 hér í borg, og stolið þaðan rafmagnsritvél, leðurvesti, 2 símatækjum, 2 ferðaútláttækjum, 2 ruslafötum, reiknivél og myndavél. Af ummerkjum að ráða hafði verið farið inn í bílasöluna með því að spenna upp glugga við inngangsdyr hennar.

Sömu nótt var ákærði handtekinn í Blómavali við Sigtún hér í borg, þar sem hann hafði farið inn um glugga. Í bifreiðinni R-61934, sem ákærði kvaðst vera á og stóð fyrir utan verslunina, fannst allt ofangreint þýfi.

Ákærði var yfirheyrður hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins sama dag. Játtaði ákærði afdráttarlaust að hafa brotist inn í ofangreinda bílasölu nóttina áður. Kvaðst hann hafa verið einn á ferð í nefndri bifreið og „vegna mjög slæms ástands hjá sér í peningamálum hafi hann tekið upp á því að brjótast þarna inn til að reyna að bæta fjárhaginn“. Ákærði kveðst hafa séð glugga opinn á bílasölu og skriðið þar inn, án þess að skemma neitt, og stolið þeim munum, sem upp eru taldir í ákæru. Munina hafi hann sett út í bifreið sína og farið í beinu framhaldi af því í Blómaval við Sigtún.

Er ákærði kom fyrir dóminn neitaði hann að hafa brotist inn í umrædda bílasölu greinda nótt. Skýrði ákærði svo frá að hann hefði verið á ferð á bifreið sinni fyrir utan ofangreinda bílasölu. Hefði hann ekið fram á tvo pílta á aldrinum 17 - 19 ára, annan ljóshærðan og hinn dökkhærðan, þar sem þeir hefðu verið fyrir utan bílasöluna og hefðu þeir verið búnir að raða þeim munum, sem taldir eru í ákærulið þessum, fyrir utan bílasöluna. Kvað ákærði að stýggð hefði komið að piltunum og þeir hlaupið á brott. Hefði ákærði þá tekið munina og sett þá í bifreið sína, þar sem þeir síðan fundust.

Ákærða var í dóminum bent á misræmi milli framburðar hans hjá lögreglu og fyrir dómi. Gaf ákærði þá skýringu á framburði sínum hjá lögreglu að hann hefði verið mjög illa upplagður er skýrslan var tekin og ekki viljað standa í því að bera kennsl á mennina, sem hann kveður hafa verið fyrir utan bílasöluna, á myndum hjá rannsóknarlögreglunni. Ákærði kvaðst á hinn bóginn ekki hafa verið beittur neinum þrýstingi eða þvingunum við skýrslugjöfina og staðfesti undirskrift sína á skýrslunni.

Svo sem að fram greinir játaði ákærði skýlaust í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni að hafa brotist inn í umrædda bílasölu greint sinn og að hafa stolið þeim munum sem upp eru taldir í ákærulið þessum. Lýsti ákærði í skýrslu sinni hjá lögreglunni hvernig hann hefði farið inn í bílasöluuna og er sá framburður hans í samræmi við ummerki á innbrotsstað. Ákærði hvarf frá þessum framburði við meðferð málsins og kvaðst hafa slegið eign sinni á ofangreinda muni fyrir utan bílasöluna, eftir að tveir piltar hefðu hlaupið frá þeim.

Ákærði þykir eigi hafa gefið trúverðuga skýringu á afturhvarfi sínu frá skýlausri játningu hjá rannsóknarlögreglu. Þykir bera að leggja framburð hans þar til grundvallar sönnunarmati í máli þessu. Samkvæmt framsögðu þykir sannað að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákærulið þessum. Varðar atferli ákærða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2. Aðfaranótt miðvikudagsins 3. febrúar sl. ók ákærði bifreiðinni R-61934 undir áfengisáhrifum frá miðborg Reykjavíkur að Skeifunni 8, svo sem greinir í fyrri ákærulið, og þaðan að versluninni Blómavali við Sigtún, þar sem lögreglumenn handtóku hann um kl. 03:37 um nóttina. Ákærði kvaðst fyrir aksturinn hafa drukkið úr tveimur glösum af tvöföldum whisky í Ölkeldunni frá kl. 23:00 kvöldið áður til kl. 03:00 um nóttina. Ákærði kvaðst ekki hafa neytt áfengis eftir að akstri lauk. Var honum tekið blóðsýni til alkóhólrannsóknar á Slysadeild Borgarspítalans kl. 04:35 umrædda nótt og samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist alkóhólmagn í því 1.04%.

Brot ákærða er sannað með játningu hans og niðurstöðu alkóhólrannsóknar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins. Varðar atferli ákærða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði sætt eftirtöldum refsingum:

- 1971 17/2 Reykjavík. Sátt: 800 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfl.  
 1971 Reykjavík. Uppvís að brotum á 155. gr., 244. gr. og 248. gr. hgl. nr. 19, 1940 og 2. mgr. 80. gr. umfl. nr. 40, 1968. Ákæru frestað skb. í 2 ár frá 12/10 1971.  
 1972 24/3 Reykjavík. Dómur: 3 mánaða fangelsi skb. í 3 ár fyrir brot á 244. gr. hgl.  
 1973 15/1 Reykjavík. Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot á 259. gr. hgl., 25. og 27. gr. umfl. (Dómur 24/3 '72 dæmdur með). Svíptur rétti til ökuleyfis ævilangt. (28)  
 1974 30/10 Reykjavík. Ávana- og fíkn. Sátt: 12.000,00 kr. sekt fyrir brot á 1. og 5. gr., sbr. 6. gr. laga 77/70, sbr. 1. gr. rgl., sbr. einnig

2. tl. 4. gr. laga 19/1940, sbr. nú lög 65/74.

- 1976 2/6 Reykjavík. Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot á 248. gr. hgl.  
 1976 1/10 Reykjavík. Dómur: 30 daga fangelsi fyrir brot á 244. gr. hgl.  
 Sviptur rétti til að öðlast ökul. ævilangt frá 1/10 '76. (455)  
 1978 28/12 Reykjavík. Sátt: 75.000,00 kr. sekt f. brot gegn 2. sbr. 5. sbr. 6. gr. laga nr. 65, 1974 og 2., sbr. 10. gr. rgj. nr. 390, 1974, sbr. og 77. gr. og 71. gr. hgl.  
 1981 4/3 Reykjavík. Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hgl.  
 1981 13/5 Reykjavík. Sátt: 4.500,00 kr. sekt fyrir brot gegn 27. gr. umfl.  
 1981 19/1 Reykjavík. Ávana- og fikn. Sátt: 1.700,00 kr. sekt fyrir brot gegn 2. sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65, 1974 og 2., sbr. 10. gr. rgj. 390/1974, sbr. 71. og 77. gr. hgl.  
 1981 9/4 Reykjavík. Ávana- og fikn. Sátt: 700,00 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65, 1974 og 2., sbr. 10. gr. rgj. 390/1974, sbr. 71. gr. hgl.  
 1982 28/4 Reykjavík. Veitt ökuleyfi á ný.  
 1987 29/5 Reykjavík. Dómur: 4 mán. fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hgl.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 80. gr. laga nr. 40, 1968, sbr. 1. gr. laga nr. 54, 1976, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga. Dómurinn frá 29. maí 1987 hefur ítrekunaráhrif á þjófnaðarbrot það sem ákærði er hér sakfelldur fyrir, sbr. 71. gr. hinna almennu hegningarlaga. Ber að ákveða refsingu ákærða með hliðsjón af því svo og 77. gr. sömu laga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði.

Svo sem krafist er í ákæru ber að svipta ákærða rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki 4 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja, sbr. 102. gr. laga nr. 50, 1987.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 10.000,00 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Stefán Þorkell Karlsson, sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákærði er sviptur rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki 4 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hrl., 10.000,00 krónur.